# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Olíudreifing Örfirisey**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 21.11.2012 | **Fulltrúi UST** | Gottskálk Friðgeirsson | |
| **Fyrirtæki** | Olíudreifing | **Fulltrúi UST** | | |
| **Heimili** | Hólmaslóð 8 - 10 | **Tegund eftirlits** | Reglubundið | |
| **Kennitala** | 6606952069 | **Flokkur** | Olía | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Gestur Guðjónsson | **ÍSAT nr.** | 63.40 | |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Helgi Árnason | **Staðsetning** | 356850,845 | 409700,409 |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og þjónustu við mengunarvarnir í stöðinni eru góðar. Tveir geymar hafa verið botnþykktarmældir á árinu, gufuendurnýtingartæki þjónustað og olíuskiljur þjónustaðar og mælist olía í fráveitu stöðvarinnar vel undir þeim kröfum sem gerðar eru.
Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.
Í skýrslu fulltrúa Aker Solutions á gufuendurnýtingarbúnaði stöðvarinnar (2012) kemur fram að eftir að tækið var þjónustað mældist styrkur bensíngufu í útblæstri 6,62 g HC/Nm3.
Allar afgreiðslu- og löndunarlagnir sem ná út fyrir mengunarvarnaþrær stöðvarinnar voru þrýstiprófaðar árið 2008.
Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplön.
Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

## ANNAÐ

**Kvörtun yfir „bensínfnyk“.**

Í júní og júlí sl. bárust kvartanir frá nágrönnum á Grandagarði yfir „bensínfnyk“ sem bærist frá stöðinni. Haft var samband við forráðamenn stöðvanna í Örfirisey og var gufusöfnunartæki að starfa eðlilega. Mögulegar skýringar þeirra voru helst:

1. Bíll sem sé að koma undan bensíni farið í lestun á gasolíupalli og sé því ekki tengt bensíngufukerfinu í lestun.
2. Bíll sem sé að koma í lestun á bensínáfyllipalli en tengist ekki bensíngufukerfinu.
3. Svo gæti verið að ekki sé um bensínlykt að ræða heldur lykt frá undantöppun úrgangsolíuvinnslu.

Áfram verður unnið að því að draga úr lykt frá starfseminni. Farið er fram á að félagið sendi Umhverfisstofnun skýrslu fyrir 1. maí nk. með upplýsingum um árangur af aðgerðum sínum.

Reykjavík, 05.12.2012

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.